Fulltrúar Miðflokks, Samfylkingar og Viðreisnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarráð samþykkir að fela forsætisnefnd að vinna tillögu að verklagsreglum um upplýsingamiðlun, auglýsingar og notkun samfélagsmiðla á vegum Kópavogsbæjar. Reglurnar taki annars vegar til almennrar upplýsingamiðlunar og notkunar samfélagsmiðla yfir kjörtímabilið og hins vegar sérstaklega til upplýsingamiðlunar, auglýsinga og samfélagsmiðla í aðdraganda kosninga.

Markmið reglnanna verði að tryggja fagleg, málefnaleg og gagnsæ vinnubrögð við upplýsingamiðlun sveitarfélagsins og skýra mörk milli upplýsingamiðlunar á vegum bæjarins annars vegar og pólitískrar kynningar hins vegar. Reglurnar taki meðal annars til birtingar og framleiðslu efnis, þátttöku kjörinna fulltrúa í efni á vegum bæjarins og notkunar fjármuna sveitarfélagsins til kynningar og auglýsinga.

Sérstaklega verði kveðið á um upplýsingamiðlun og notkun samfélagsmiðla í aðdraganda kosninga með það að markmiði að tryggja hlutleysi og jafnræði og koma í veg fyrir að opinberir miðlar, auglýsingafé, starfsmenn eða önnur aðstaða og fjármunir Kópavogsbæjar nýtist með beinum eða óbeinum hætti til kynningar á einstökum frambjóðendum, framboðslistum eða stjórnmálaflokkum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026